

6. gr.

86

Hreppsnefndinni er heimilt, án frekari staðfestingar ráðuneyt-^{16. okt.}isins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun rafmagns um allt að 25% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1929, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. oktbr. 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

87

19. okt.

um

viðauka við reglugjörð 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Veita má manni ökuskírteini enda þótt hann sé blindur á öðru auga eða sjónskerpan sé minni en 6/24, ef hitt augað er óskemmt og með fullri sjónskerpu (6/6 án gleraugna), þegar hlutaðeigandi hefur verið sjónlaus á öðru auga eða með lamaða sjónskerpu á því í meira en hálf ári. Ökuskírteini fyrir mann með þannig lamaða sjón, er heimili honum að stýra tvíhjóra bifreið eða einmennings þríhjóra bifreið, má aðeins veita með því skilyrði, að hann noti jafnan, er hann stýrir bifreiðinni, hlífðargleraugu (þ. e. venjuleg stór gleraugu, ekki bifreiðargleraugu). Skírteini þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, veita ekki heimild til þess að stýra bifreið, sem notuð er til almennra mannflutninga.

Reglugjörð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.